

Reykjavík 30. mars 2017

### Úrskurður

Aganefnd fjallaði um dómaraskýrslu dagsetta þann 18. mars 2017 þar sem tilkynnt var að lið ÍR-A hafi ekki verið mætt til leiks á Akranesi þegar upphitun var lokið, þó svo að andstæðingarnir hafi beðið í 20 mínútur eftir að byrja upphitun.

Þegar liðið loksins kom og fyrirliðanum, Aleksander Halldórssyni, var tilkynnt að þeim væri leikurinn tapaður féllu nokkur orð í hita leiksins, sem betur hefðu verið ósögð.

Aganefnd tók málið fyrir á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga, dómaraskýrslu, tölvupósta frá Aleksander og Jóhanni Á. Jóhannssyni formanni Keiludeildar ÍR og samtali við Einar Jól Ingólfsson.

Það er mat nefndarinnar að liðið hafi ekki brotið 11. gr. reglugerðar um aganefnd í ljósi þeirra útskýringa sem nefndinni bárust, en hafi brotið 9. gr. reglugerðar um Íslandsmót liða með því að vera ekki með löglega skipað lið við lok upphitunnar.

Varðandi þá upptöku sem varð þegar liðið loksins mætti, þá telur nefndin að hún hafi verið mjög óheppileg og þó svo Aleksander hafi beið viðkomandi afsökunar eftir á, að slíkt eigi ekki að eiga sér stað í íþróttinni.

### Úrskurðarorð

ÍR-A greiði KLÍ sekt að upphæð 18.000 sem jafngildir tvöfaldri brautarleigu

Aleksander Halldórsson, fyrirliði ÍR-A, hlýtur 2 refsistig samkvæmt 4. gr (a) reglugerðar fyrir aganefnd fyrir minniháttar óþrúðmannleg framkoma að mati aganefndar

Þórir Ingvarsson  
Bragi Már Bragason  
Böðvar Már Böðvarsson